

Fundargerð 861. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2018, föstudaginn 29. júní kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Skúli Helgason, Halla Sigríður Steinólfsdóttir í símasambandi, Gunnar Einarsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Elsa Hrafnhildur Yeoman í fjarveru S. Björn Blöndal, Margrét Lind Ólafsdóttir í fjarveru Gunnars Axels Axelssonar og Ólafur Guðmundur Adolfsson í fjarveru Jónínu Ernu Arnardóttur.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 860. fundar - 1710022SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 860. fundar stjórnar sambandsins frá 18. maí 2018.

Fundargerðin staðfest og undirrituð.

2. Fundir Jónsmessunefndar - 1801015SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 17. maí 2018.

3. Skólamálanefnd sambandsins - 1601009SA

Lögð fram fundargerð 114. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 11. júní 2018.

4. Persónuverndarstefna sambandsins - 1610014SA

Lögð fram til staðfestingar persónuverndarstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir tillögu að persónuverndarstefnu sambandsins.

5. Viðbrögð við ályktun Félags framhaldsskólakennara um leyfisbréf kennara - 1806034SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 22. júní 2018, um viðbrögð við ályktun Félags framhaldsskólakennara um leyfisbréf kennara.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur undir samþykkt stjórnar Félags framhaldsskólakennara um að beina því til menntamálaráðherra að útfæra nú þegar ákvæði um leyfisbréf kennara í 21. gr. laga um menntun og ráðningu kennara

og skólástjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Stjórnin áréttar jafnframt að tryggja þarf að útskrifaðir leikskólakennarar og grunnskólakennarar öðlist, að uppfylltum nánari skilyrðum, rétt til kennslu á aðliggjandi skólastigum.

Stjórn sambandsins telur það með öllu óverjandi að tíu árum eftir gildistöku umræddra laga skuli kennarar, sem kenna á öðru skólastigi en leyfisbréf þeirra tekur til, þurfa að sæta því að taka laun sem leiðbeinendur. Einnig er afar íþyngjandi að þessir kennarar þurfi að sæta því að staða þeirra sé auglýst árlega laus til umsóknar. Stjórnin beinir því til menntamálaráðherra að útfæra ákvæði um leyfisbréf til kennara í samræmi við skýran vilja löggjafans.

Að áliti stjórnarinnar geta úrbætur við útgáfu leyfisbréfa stuðlað að því að gera kennaranám eftirsóknarvert og þannig verið liður í því að sporna gegn kennaraskorti.

6. Samantekt að loknum sveitarstjórnarkosningum 2018 - 1602044SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 11. júní 2018, um samantekt að loknum sveitarstjórnarkosningum 2018, ásamt fylgiskjölum.

7. Kjörnefnd sambandsins - 1602044SA

Lagt fram minnisblað formanns og framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 27. júní 2018, um skipun sex manna kjörnefndar sem gerir tillögu að stjórnarkjöri á landsþingi sambandsins haustið 2018, sbr. 9. gr. samþykktu sambandsins.

Í kjörnefnd voru kjörin Kristinn Jónasson Norðvesturkjördæmi, formaður, Björn Gíslason Reykjavíkurborgardæmi, Guðrún Ögmundsdóttir Reykjavíkurborgardæmi, Pálína Margeirsdóttir, Norðausturkjördæmi, Bjarki Bjarnason Suðvesturkjördæmi og Margrét Þórarinsdóttir Suðurkjördæmi.

Framkvæmdastjóra sambandsins, sem starfa mun nefndinni, var falið að kalla hana saman til fyrsta fundar. Einnig mun sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins starfa með nefndinni.

8. Breytingar á kjarasamningi við Félag leikskólakennara - 1803041SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 26. júní 2018, um kjarasamning við Félag leikskólakennara.

Stjórn Samband íslenskra sveitarfélaga samþykkir heimild til breytinga á kjarasamningi við Félag leikskólakennara sem lagðar eru til í minnisblaði sviðsstjóra kjarasviðs, dags. 26. júní 2018.

9. Afgreiðsla þingmála á 148. löggjafarþingi 2017-2018 - 1709018SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 22. júní 2018, um afgreiðslu þingmála á 148. löggjafarþingi 2017-2018. Í minnisblaðinu er fjallað um kostnaðaráhrif nýrrar löggjafar og hefur sambandið sent forsætisráðherra bréf, dags. 25. júní 2018, um þörf á úrbótum við mat á áhrifum lagafrumvarpa. Í bréfinu er óskað eftir fundi með forsætisráðherra, ráðherra sveitarstjórnarmála og fjármálaráðherra. Bréfið er einnig lagt fram til kynningar.

Stjórn sambandsins telur brýnt að erindi sem sent hefur verið til forsætisráðherra

verði einnig sent öllum þingmönnum. Sú gagnrýni sem fram kemur í bréfinu beinist bæði að verklagi við undirbúning lagafrumvarpa og afgreiðslu þeirra á Alþingi. Mikilvægt er að löggjafinn beiti sér fyrir úrbótum á lagasetningarferlinu á öllum stigum og hugi jafnframt að verklagi á eigin vettvangi.

Stjórn sambandsins leggur áherslu á að ekki nægir að leggja mat á kostnað við lagafrumvörp og stjórnvaldsfyrirmæli heldur þurfi einnig, líkt og gert er í nálægum ríkjum, að kveða skýrt á um það í lögum að fjármögnun verði að vera tryggð vegna nýrra lagaskyldna sem lagðar eru á sveitarfélög.

10. Tilnefning í nefnd til að gera framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2018-2022 - 1805011SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 16. maí 2018, þar sem Sigrún Þórarinsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í nefnd til að gera framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2018-2022, og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

11. Tilnefning í stjórn Stjórnstöðvar ferðamála - 1806005SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 4. júní 2018, þar sem Halldór Halldórsson, formaður stjórnar sambandsins, og Sigrún Blöndal, varaforseti bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs, eru tilnefnd til áframhaldandi setu í stjórn Stjórnstöðvar ferðamála.

12. Tilnefning í starfshóp um minnkun fordóma í garð fólks með geðraskanir - 1806006SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 11. júní 2018, þar sem Helgi Þór Gunnarsson, forstöðumaður búsetuþjónustu fyrir geðfatlaða hjá Reykjavíkurborg, og Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri Velferðarsviðs hjá Ísafjarðarbær, eru tilnefnd í starfshóp um minnkun fordóma í garð fólks með geðraskanir.

13. Tilnefning í hagsmunaráð Landsnets - 1806015SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Landsnets hf., dags. 18. júní 2018, þar sem Guðmundur Baldvin Guðmundsson, bæjarfulltrúi á Akureyri, er tilnefndur sem aðalmaður í hagsmunaráð Landsnets, og Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

14. Tilnefning í ráðgjafanefnd vegna bráðabirgðaákvæðis við sveitarstjórnarlög - 1806022SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 18. júní 2018, þar sem Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, er tilnefndur í ráðgjafanefnd vegna bráðabirgðaákvæðis V við sveitarstjórnarlög, nr. 138/2011.

15. Tilnefning í starfshóp um endurskoðun kosningalaga - 1806016SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forseta Alþingis, dags. 18. júní 2018, þar sem Magnús Karel Hannesson, frá Eyrarbakka, er tilnefndur í starfshóp um endurskoðun kosningalaga.

16. Tilnefning í samráðsvettvang um aðgerðaráætlun í plastmálefnum - 1806023SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 19. júní 2018, þar sem Berglind Ósk Þ. Þórólfsdóttir, MSc. í umhverfisfræði og heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, og Lúðvík E. Gústafsson, sérfræðingur í umhverfismálum hjá sambandinu, eru tilnefnd í samráðsvettvang um aðgerðaráætlun í plastmálefnum.

17. Tilnefning í starfshóp um greiningu á þörf fyrir úrræði fyrir börn með vímuefnavanda - 1804028SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 22. júní 2018, þar sem Berglind Ósk Filippíudóttir, deildarstjóri barnaverndar- og ráðgjafardeildar Mosfellsbæjar, er tilnefnd í starfshóp um greiningu á þörf fyrir úrræði fyrir börn með vímuefnavanda.

18. Tilnefning í verkefnisstjórn um stefnumótun/framtíðarsýn í barnavernd til ársins 2030 - 1804027SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 22. júní 2018, þar sem María Gunnarsdóttir, forstöðumaður barnaverndar í Reykjanesbæ, er tilnefnd í verkefnastjórn um stefnumótun/framtíðarsýn í barnavernd til ársins 2030.

19. Umsögn um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga - 1610014SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 6. maí 2018, um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 622. mál, ásamt fylgiskjali.

20. Umsögn um drög að frumvarpi um pósthjónustu - 1806012SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 20. júní 2018, um drög að frumvarpi til pósthjónustu.

21. Endurskoðun fjöleignarhúsalaga - 1805018SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 22. maí 2018, um beiðni um fund um endurskoðun á hluta fjöleignarhúsalaga nr. 26/1994.

22. Fjármögnun Brussel skrifstofu - 1607008SA

Lagt fram bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 15. maí 2018, þar sem samþykkt er að styrkja skrifstofuna í Brussel árin 2019-2021.

23. Úrslit í allsherjaratkvæðagreiðslu um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi - 1803041SA

Lögð fram til kynningar úrslit í allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi grunnskólakennara um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands vegna FG og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem skrifað var undir 25. maí 2018.

24. Fjárframlag til þróunarverkefnis um stoðkerfi við starfsþróun í skólum - 1609026SA

Lagt fram til kynningar bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 29. maí 2018, um fjárframlag til þróunarverkefnis um stoðkerfi við starfsþróun í skólum.

25. Fræðslu- og umræðufundir um menntun fyrir alla og menntastefnu 2030 - 1806009SA

Lagt fram bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 5. júní 2018, um fræðslu- og umræðufundi um menntun fyrir alla og menntastefnu 2030.

26. Áherslur sambandsins við gerð ferðamálaáætlunar 2020-2025 - 1804034SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 20. júní 2018, um áherslur sambandsins við gerð ferðamálaáætlunar 2020-2025.

27. Ársskýrsla Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. - 1604380SA

Lögð fram til kynningar ársskýrsla Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. fyrir árið 2017.

28. Ályktun Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi - 1804013SA

Lagt fram til kynningar bréf Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi, dags. 11. apríl 2018, ásamt ályktun aðalfundar félagsins sem haldinn var 6.-8. apríl 2018.

Fundi var slitið kl. 14:30

Halldór Halldórsson

Eiríkur Björn Björgvinsson

Skúli Helgason

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

Gunnar Einarsson

Aldís Hafsteinsdóttir

Gunnhildur Ingvarsdóttir

Ísólfur Gylfi Pálmason

Elsa Hrafnhildur Yeoman

Margrét Lind Ólafsdóttir

Ólafur Guðmundur Adolfsson

framkvæmdastjóri

ritari